

Guðmundur Jóhann Arason

† Guðmundur Jóhann Arason fæddist 18. febrúar 1954. Hann lést 9. apríl 2014. Útför Guðmundar fór fram 29. apríl 2014.


Kveðja frá Ónæmisfræðifélagi Íslands

Fallinn er frá dr. Guðmundur Jóhann Arason líf-fræðingur. Ég kynntist Guðmundi þegar við byrjuðum bæði að vinna á ónæmisfræðideild Landspítala í ágúst 1984. Ég var nýgræðingur í faginu en Guðmundur var að koma heim úr doktorsnámi frá London þar sem hann hafði rannsakað ósérhæfðar varnir í sniglum. Áhugasvið Guðmundar hélst innan ósérhæfða ónæmiskerfisins og beindist fljótt að komplement kerfinu. Voru rannsóknir hans í gegnum árin ávallt tengdar komplementum og á því sviði lágu greinaskrif hans, handleiðsla nemenda og innlent og erlent samstarf.

Guðmundur tók þátt í kennslu í ónæmisfræði á tímabili og einmitt á þeim tíma sem ég tók ónæmisfræðinámskeiðið. Í þá daga voru notaðar glærur við kennslu og hafði Guðmundur þann vana að fylla glærurnar út á brún með kennsluefni. Var einhverju sinni gert góðlegt grín að þessu og honum bent á að hann gæti nýtt glærurnar betur ef hann skrifaði báðum megin á þær.

Guðmundur var mikill áhuga-maður um að nota íslensk heiti yfir líffræðileg fræðiorð og vann með stjórn Ónæmisfræðifélags Íslands í nokkur ár við að íslenska ónæmisfræðileg heiti. Eftir samstarfshópinum liggur mikið verk sem er orðasafn ónæmisfræðinnar og átti Guðmundur þar drjúgan hlut að máli.

Guðmundur hafði skemmtilegan húmor og við höfðum gaman



af því að rifja upp brandara úr breskum grínþáttum sem við höfðum bæði séð á náms-tímum okkar í Bretlandi þótt meira en 10 ár skildi okkur að í dvöl okkar þar.

Við hjá Ónæmisfræðifélagi Íslands sendum fjölskyldu

Guðmundar innilegar samúðarkveðjur. Fyrir hönd félagsmanna,

Jóna Freysdóttir, formaður Ónæmisfræðifélags Íslands.

Vinnufélagi minn til margra ára, Guðmundur Jóhann Arason, er látinn langt um aldur fram. Við Guðmundur unnum náð saman um árabíl að margvíslegum verkefnum á sviði komplimenta og minnst ég þess tíma með ánægju þótt oft hafi gastað á milli, enda tímaskyn okkar ekki mælt á sama skala.

Guðmundur var mikið góðmenni. Hann hugsaði aldrei illa til nokkurs manns – trúði engu illu um aðra og aldrei minnst ég þess að hann gerði lítið úr vinnu eða verkefnum annarra. Hann var alltaf reiðubúinn til að veita ótakmarkað af tíma sínum og liðsinna þeim sem til hans leituðu. En þegar allir þessir mannkostir koma saman í einum manni fylgir því böggull. Því án hæfilegrar gagnrýni á gerðir annarra skapast skekkja í samskiptum milli manna og því var taktur Guðmundar ekki alltaf sá sami og samferðamanna hans.

Guðmundur var fjölfróður maður og með eindæmum minnugur. Hann var vel lesinn hvort sem var í bókmenntum eða á sviði náttúrufræða og vísinda og því gat verið bæði fróðlegt og gaman að eiga við hann spjall. Viðféðmt þekkingarsvið Guðmundar í líffræðisfræði kom líka að góðum notum á vikulegum fræðslufundum

innan ónæmisfræðideildarinnar þar sem aldrei var komið að tómu kofunum. Var mikill akkur fyrir deildina að hafa slíkan mann á staðnum. Vísindin áttu hug Guðmundar allan. Má nánast segja að hann hafi alla tíð átt í ástarsambandi við þetta hugðar-efni sitt, þar sem svefn og næring þurftu iðulega að vikja fyrir áhugamálinu. Allar götur frá því hann kom heim frá Bretlandi, þar sem hann stundaði doktorsnám sitt í ónæmisfræði snigla, vann hann að rannsóknum á magna-kerfinu eins og hann kaus að nefna komplimentkerfið. Þekkingu á þessu frumstæðasta varnarkerfi lífvera hefur fleygt fram þann tíma sem liðinn er frá því Guðmundur hóf störf hér heima og fylgdist hann vel með þeim breytingum. Var hann jafnframt þátttakandi í umræðunni á heimsvísu. Vakti þó nokkra at- hygli rannsókn Guðmundar sem sýndi að ótjáðar C4 arfgerðir auka áhættu á kransæðasjúkdómi meðal reykingafólks. Síðustu árin vann hann að nýjungum á sviði fyrirbyggjandi læknisfræði, þar sem framleiðsla bólgu- hemjandi efnisins VCP (eggja- hvítuefni vaccinia vírusins sem hemur kompliment ræsingunni) var í forgrunni. Að því verkefni vann hann í samstarfi við dr. Girish Kotwal sem fyrstur einangraði VCP og prófessor emerítus Guðna Alfreðsson. Varði Guðmundur miklum tíma í að byggja upp framleiðsluferli VCP og batt hann vonir við að afurðin gæti gagnast við staðbundna minnkun bólguáhrifa svo sem verður eftir hjartaáfall. Er ósk mín að fórnir sem Guðmundur færði til að koma þessu verkefni á legg beri að endingu tilætlaðan árangur.

Samskipti okkar Guðmundar hafa ekki verið mikil síðan ég lét af störfum í ónæmisfræðinni, en ég hef alla tíð borið hlýjan hug til Guðmundar og sendi ég bræður- um hans og börnunum, þeim Rögnvaldi, Ara og Völu mínar innilegustu samúðarkveðjur. Eftir- írsjá þeirra að ástríkkum föður má vera mikil.

Ragnhildur Kolka.

Guðmundur Arason var félagi okkar í bóklestrar- og samræðu-

félagi, sem við stofnuðum um miðjan níunda áratug. Við höfum hist mánaðarlega að ræða bækur og brýn samfélagsmálefni með þeim skilyrðum að stilla veitingum í skynsamlegt hóf og þjarka ekki um stjórnmál en auðga and- ann og skemmta okkur með um- ræðu um gott lesefni.

Guðmundur var góður og skemmtilegur félagi í okkar hópi. Hann var vel heima á ýmsum sviðum innan og utan síns fags, líffræðinnar, og lagði margt til málanna hvert sem umræðuefnið var, gjarnan í gamansömum tón með ívafi við sagnahefð íslenskrar fyndni. Í samskiptum var hann sérstaklega velviljaður maður og greiðvikiinn svo að af bar. Mikið skarð er nú höggvið í okkar hóp.

Við þökkum vináttu og sam- fylgd um áratugaskeið og sendum börnum Guðmundar og ást- vinum hans innilegar samúðarkveðjur.

Bókafelagar,

Einar, Haukur, Ísleifur, Sigurður, Sigurjón og Valgarður.

Mér þótti nærri mér höggvið þegar ég frétti af láti Guðmundar Arasonar, frænda míns, um daginn. Við erum bræðrabörn, ég dóttir Sigurgeirs Jónssonar og Guðmundur sonur Ara, en hann var nokkrum árum eldri en ég. Á mínu heimili var hann alltaf kallaður Guðmundur Arason; fráleitt vegna þess að hann væri svo formlegur, en frekar til aðgrein- ingar frá öðrum nöfnum sínum í fjölskyldunni, en þeir eru þó nokkrir. Ég man ekki hvernig við Guðmundur Arason kynntumst fyrst, því ég hafði alltaf vitað af honum sem frænda mínum. En þegar ég var komin í Háskólann og bjó við Bræðraborgarstíginn, þá var nærtækt að leita til Guðmundar og Önnu, sem bjuggu þá við Hringbrautina. Þá var Vala, dóttir þeirra, fædd, jafngömul Evu, dóttur minni, sem fékk oft far í bláu Volkswagen-bjöllunni í leikskólann Valhöll um leið og Vala var keyrð á Tjarnarborg. Það var oft kátt á hjalla á heim- ilinu þeirra við Hringbrautina og síðar í Karfavoginum og þar fóru líka fram heimspekilegar sam- ræður um allt og ekki neitt. Eftir

því sem árin liðu og verkefnum fjölgaði skildi leiðir að mestu, en vináttu var til staðar alla tíð. Ekki eru mörg ár síðan Guðmundur komst að því að Óli minn hafði áhuga á að vinna efni af gömlum segulbandsspólum. Þá lét hann hvorki laust né fast fyrr en hann hafði komið Óla í samband við vin sinn, sem átti gangfært spóluseg- ulbandstæki. Þeir komu báðir í heimsókn í Furubýggðina með segulbandstæki sem Óli fékk lán- að til verkefnisins og við áttum skemmtilega stund saman. Það er gott að rifja upp og minnst liðinna samverustunda. Innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldunnar allrar.

Jónína Sigurgeirsdóttir og fjölskylda.

Það barst niður stigann angan af nýbokuðu brauði, svo var bankað. Í dyragættinni stóð Guðmundur brosandí. „Við fengum okkur brauðvél bræðurnir“ og af því nutum við á neðri hæðinni góðs. En hann mátti ekki vera að því að stoppa, alltaf að drífa sig. Svo mikið að gera. Hann sagði okkur einn morguninn í þvottahúsinu að vikuskammturinn af sokkum í þvott hjá þeim væri 70 stykki. Nóg að gera. Í 10 ára sambyli okkar við Guðmund í Karfavoginum kynntumst við fljótt jákvæðni, hjálpsemi og vel- vilja hans. Allt virtist svo auð- leysanlegt og skemmtilegt, en það læddust líka skuggar í Karfa- voginn eins og víðar. Guðmundur fór ekki endilega auðveldustu né stystu leiðina, hvorki heim með úttroðna innkaupapokana úr búðinni, né við að koma í heim- sókn á Barðaströndina til okkar. Ekki handleiðina, ekki með flugi, nei þveran Faxaflóann og Breiða- fjörðinn á seglskútu. Það var mikið hlegið og mikið gaman í sveitinni þá. Jólakortin öll þessi ár eftir að sambylinu lauk, svo örmá skriftin og innleg kveðjan, og allir taldir til, Guðmundur, Vala, Rögnvaldur, Ari og Einar. Símtöl af og til, strjálí í seinni tíð – stundum erfið, en alltaf full af hlýju og þakklæti. Fyrir þetta allt, samveruna og þau forrétt- indi að hafa eignast vin í Guð- mundi Jóhanni Arasyni erum við einlæglega þakklát. Guðmundur

er farinn heim, blessun, friður og bros fylgir minningu hans.

Jóhannes Konráð og Arney Huld.

Kveðja frá Íbúasamtökum Laugardals

Guðmundur J. Arason var einn af upphafsmönnum Íbúasamtaka Laugardals og var hann fyrsti formaður samtakanna sem stofnuð voru 2005. Hann sýndi hagsmunum hverfanna í kringum Laugardal ávallt mikinn áhuga og sinni formannsstarfi sínu af elju og einbeitni. Hann lagði sig mjög fram í umræðum um Sundabraut þegar hún var á döf- inni á sínum tíma og var í hópi þeirra sem vildu verja hverfið fyrir óþarfrri röskun. Hann vann hins vegar að því verki með upp- byggilegum hætti og má segja að íbúasamtökin hafi undir forystu hans tekið þann pól í hæðina að koma með nýjar lausnir í stað þess að berjast einvörðungu gegn framkvæmdinni. Hann sat í sam- ráðsnefnd íbúa, ríkis og borgar sem vann að könnun á kostum sem vól var á við lagningu þessa mikla mannvirkis og sýndi þar með þekkingu sinni og vísinda- legri kunnáttu að íbúum hverfa Reykjavíkur er ekki síður fresta- andi til að fjalla um stórar skipu- lagsákvæðanir en sérfræðingum ríkis og borgar. Að loknu sam- ráðsferlinu voru bæði borgar- fulltrúar og þingmenn borgarinnar á einu máli um þá lausn sem íbúasamtökin lögðu fram og með framlagi þeirra var hægt að ná sátt um framkvæmdina, sem aldrei hefði orðið raunin ef ein- hliða áætlunum ríkis og borgar hefði verið framfylgt. Þannig var Guðmundur einn af framkvæðlum íbúalýðræðis í borginni og kunn- um við, félagar hans í íbúasam- tökunum, honum bestu þakkir fyrir óeingingjarnt framlag sitt fyrir hönd hverfisins. Við minn- umst hans með virðingu og hlýju og sendum aðstandendum hans okkar innilegustu samúðaróskir.

Fyrir hönd Íbúasamtaka Laugardals,
Sigurður Þórðarson, formaður.